

„Ætli hann komi ekki í staðinn fyrir Satan sem ég hét einu sinni á af því mig vantaði meiri orku og tíma. Ég framdi gjörning í fagurri sveit í Svíþjóð, sem var svona bæn um að Satan gæfi mér öll sín vopn og kraft svo ég þyrfti ekki að sofa, yrði tvíefld."

lifa það út frá sínu sjónarhorni en auðvitað er skemmtilegast að kafa undir yfirborðið og mæla dýptina. Maður græðir alltaf á því að stinga sér."

Magusinn, sem er spil með töluna einn í tarotinu, kemur mikið við sögu í þessu verki Gabríelu. „Það má segja að Magusinn sé eins konar guðfaðir sýningarinnar. Hann situr í öndvegi með öll verkfærin og er lógó sýningarinnar."

Þó að dulspekin og tarotspilin séu Gabríelu svona hugleikin er hún engin spákerling. „Ég hef bara áhuga á þessum táknum. Ég hef alltaf verið áhugasöm um lífspeki heimsins og var mjög ung þegar ég sat fundi í guðspekifélaginu þar sem mamma var forseti."

Enginn klíkuskapur gegnum pabba

Gabríela er alin upp í Reykjavík og að hluta til í Hnífsdal í stórri fjölskyldu. „Við erum sjö systkinin, þrjár alsystur og svo á pabbi tvo stráka sem eru eldri og eina stelpu sem er yngri með núverandi konunni sinni. Mamma á líka einn strák þannig að við erum sjö."

Pabbi Gabríelu er Friðrik Sophusson, fyrrverandi ráðherra og núverandi forstjóri Landsvirkjunar, en hún þvertekur fyrir að það hafi greitt götu hennar á listabrautinni.

„Ég held að það sé ekkert sérstakt að vera barn stjórnmálamanns. Ég held það breyti litlu fyrir listamann að vera barn stjórnmálamanns. Oft er það verra ef eitthvað er og fælir mann frá vegna þess að menn eru skíthræddir við klíkuskap. Pabbi er alveg mótfallinn öllum klíkuskap, hann þolir hann ekki."

Er þá ekki rétt að Landsvirkjun hafi keypt af þér verk?

„Nei, ég hef ekki einu sinni þorað að sækja um að vera með í samkeppni um útilistaverkin þeirra. Pabbi kaupir auðvitað verk af mér fyrir sig persónulega en það er allt annar handleggur."

Ræðið þið virkjunarmál?

„Nei, við höfum eiginlega ekkert rætt þau. Ég er ekki í neinni listrænni mótmælendaklíku gegn Kárahnjúkavirkjun. Maður verður að hugsa þetta út frá svo mörgum sjónarhornum og staðreyndin er bara sú að við erum að virkja. Tónleikarnir um daginn voru góðir að því leyti að það er verið að safna peningum svo hægt sé að fá fagmenn til að koma með hugmyndir og opinbera þær, það er gott aðhald. Umræðan um virkjun eða ekki virkjun er góð ef hún hættir að vera vælukór en kallar í staðinn á nýjar hugmyndir. Við þurfum náttúrlega að virkja, heimurinn er ekkert að hætta að framleiða ál."

Yfirgaf Sjálfstæðisflokkinn níu ára

Gabríela segist að sjálfsögðu hafa alist upp í mjög pólitísku umhverfi en hún hætti að vera sjálfstæðismaður þegar hún var níu ára.

„Ég er ekki flokksbundin í pólitík. Þegar ég fór að kynna mér alls konar hluti gat ég ekki hugsað mér að vera flokksbundin, ég fæ bara köfnunartilfinningu við tilhugsunina. Ég leyfi mér þetta frelsi, annars myndi það hefta mig í því sem ég geri."

Eiginmaður Gabríelu er Daníel Ágúst Haraldsson tónlistarmaður en þau byrjuðu saman mjög ung og eiga dótturina Daníelu, 16 ára, sem heitir í höfuðið á foreldrum sínum.

„Ekki nóg með það, amma mín sem ég er skírð í höfuðið á, var ein af 18 systkinum, og hún og systir hennar sem hét einmitt Daníela, voru sendar hvor á sitt heimilið á Hnífsdal. Þær voru mjög samrýndar þannig að mér finnst rosalega gott að þær séu aftur saman í þessum nöfnum."

Opið samband

Gabríela ætlaði aldrei að binda sig ung, en þegar hún sá Daníel varð ekki aftur snúið. „Hann var bara svo sætur," segir hún, „og er enn. Ég verð alltaf meira og meira skotin í honum."

Gabríela og Daníel hafa gift sig tvisvar en þau tilheyra hópi sem aðhyllist Zen og giftu sig að þeim hætti. „Þegar við giftum okkur vorum við ekki bara að giftast hvort öðru, heldur líka öllum hinum sem að okkur standa."



Listin *Verk Gabríelu eru kraftmikil og ögrandi.*

Hún segist alveg vera til í að leiðrétta kjaftasögur sem hafa gengið um hana svo blaðamaður notar tækifærið og skýtur:

Opið samband ykkar Daníels, í hverju felst það?

„Það er opið að því leyti að við höfum bæði þurft að vera mikið á ferðinni og oft hvort í sínu lagi. Þá lærir maður að það er nauðsynlegt að geta staðið einn og setja ekki alltaf allt sitt traust á hinn aðilann. Þegar Daníel var í Nýrri danskri og Gus Gus var hann alltaf á ferðinni og svo tók ég við og þurfti að fara. Það er gott í samband að skilja að maður getur ekki hengt sig á hinn aðilann. Maður verður að passa sig að á að halda sjálfstæði sínu, þannig gengur sambandið upp."



Framhlið sýningarinnar í Feneyjum
Gabríela huldi framhliðina trjágreinum sem hún tíndi í garðinum sínum í Brussel.

Í afturför á þroskabrautinni

„Við erum líka með svipaðan húmor sem límir okkur saman og erum bæði að búa til hluti. Það sem er erfiðast í lífinu er að eiga barn og koma því farsællega út í lífið. Það er hliðstætt því þegar maður er að skapa listaverk. Við Daníel eignuðumst barn mjög ung og lærðum fljótt að við yrðum að standa saman í því. Við vorum samt miklu þroskaðri þá. Við erum með þá kenningu að við endum eins og smábörn. Þegar fólk eignast barn svona ungt verður það svo ofurábyrgt," segir Gabríela og hlær. „En maður verður að hafa húmor fyrir sjálfum sér og það hefur Daníel 100%. Ég var nú ekki með mikinn húmor fyrir sjálfri mér fyrst, en ég hef lært það af honum."

Blæs á sögur um dópneyslu

Gabríela og Björk Guðmundsdóttir eru mjög góðar vinkonur en vinskapur þeirra nær tíu ár aftur í tímann. Þær hafa þó vitað hvor af annarri miklu lengur þar sem afar þeirra voru bræður. Þær sögur hafa gengið að Björk hafi haldið Gabríelu uppi en hún hristir bara höfuðið.

„Það er alveg út í hött. Hún heldur mér náttúrlega uppi í þeirri merkingu að hún er mér endalaus inspírasjón. Hún er svo mikill listamaður. Við höfum oft setið og hugsað upphátt saman og það er það sem heldur mér uppi. Við erum mjög ólíkar, en svipaðar að því leyti að hún hugsar mjög myndrænt og við eigum aldrei venjulegar umræður. Ég græði alltaf á þeim og vona að hún upplifi það sama."

Hvað með dópið?

„Svoleiðis sögur hafa alltaf verið í gangi í sambandi við okkur Daníel. Það er örugglega af því hann er poppari og ég myndlistarmaður. Það skiptir okkur engu máli, fólk tekur sitt dóp ef það þarf. Ég hef engar áhyggjur af þessum sögum. Það er eins og það sé nóg að menn séu í leðurjakka með gítar, þá hljóti þeir að vera í dópinu. Það er bara fáránlegt."

Auðvelt að verða frægur í fámenninu

Garbríela segist hafa verið pirruð á fréttum sem birtust um hana í DV áður en hún tók þátt í tvíæringnum í Feneyjum.

„Þar kom fram að ég hefði aldrei selt neitt nema hvað Ingibjörg Pálmadóttir hefði keypt fullt af verkum eftir mig fyrir hótelherbergin á 101 og að hún héldi mér í raun uppi. Greinin var meira og minna bull, það var aldrei haft samband við mig og greinilegt að viðkomandi vissi ekkert hvað hann var að tala um. Ég hef áhyggjur af því hvert fjölmiðlun stefnir í þessu landi, ekki bara hjá DV heldur því hvað allir virðast sjúkir í að vita ótrúlegustu hluti um fólk og þyrstir í slúðursögur og helst þarf það að vera eitthvað hræðilegt um náungann. Ég er svo mikill föðurlandsvinur að mér finnst það smánarblettur á þjóðinni. Það er eins og við séum að verða háð þessu. Við þurfum sennilega að skoða það sem okkur er nær og leggja okkur fram við að rannsaka þetta svarta tóm sálarinnar sem sogar upp slúðrið og horfast í augu við okkar eigin persónulegu vandamál og leysa þau."

Lokakjaftasagan: Kastað út á Kaffibarnum?

„Það er allt mjög furðulegt. Ég hef nú alltaf sagt að þetta sé bölvuð lygi. En það sem á sér stað milli barþjóns og viðskiptavinar er bara þeirra einkamál."

Gabríela segist þrátt fyrir allt þetta ekki óttast umtalið. „Við erum svo fámenn og það er svo auðvelt að vera frægur að endemum hérna, ekki síst ef fólk sker sig úr og gerir það sem því sýnist. Þetta er allt frekar sveitó," segir hún og brosir.

Á fínum fundum með hárkollu og varalit

Framundan hjá Gabríelu eru stórar sýningar í útlöndum en ýmsir möguleikar opnuðust í framhaldi af Tvíæringnum á Ítalíu.

„Ég hef undanfarið mest verið með varalit og hárkollu á fundum út um allt," segir hún. „Það hentar mér ekkert sérstaklega vel en maður verður að hitta fólk og sjá rýmin sem maður á að sýna í. Mér finnst eiginlega nóg um en það sem gleður mig mest er að þetta hefur líka skapað tækifæri fyrir þá sem sem unnu með mér að sýningunni. Það er ekki leiðinlegt."

Verk Gabríelu hefur er þetta birtist verið sett upp í Listasafni Reykjavíkur og þar gefst fólki kostur á að skoða það fram í febrúar.

„Þetta eru sömu verkin nema hvað arkitektúrinn breytist. Nú er ég komin í safn sem er stærra en það rými sem ég setti verkið upp í áður, það er nútímalegt, úr gleri og steypu í staðinn fyrir gróðurinn í görðunum í Feneyjum en mér leist strax vel á þetta rými. Ég reyni að vinna þetta eins vel og ég get inn í salinn og arkitektúrinn sem er fyrir og mér sýnist að það hafi heppnast vel, enda fagfólk hér í Listasafni Reykjavíkur sem hefur fórnað sér við að töfra þetta fram," segir Gabríela, pakkar saman tölvunni og skundar aftur í moldarbinginn sinn og tekur til óspilltra málanna að ljúka undirbúningi fyrir Versations/Tetralógía, sýningu sem þegar hefur slegið í gegn í útlöndum en stendur nú opin gestum og gangandi í miðbæ Reykjavíkur.

edda@dv.is

„Við Daníel eignuðumst barn mjög ung og lærðum fljótt að við yrðum að standa saman í því. Við vorum samt miklu þroskaðri þá."

„Ég held að það sé ekkert sérstakt að vera barn stjórnmálamanns. Pabbi er alveg mótfallinn öllum klíkuskap, hann þolir hann ekki."